

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 17. ágúst 2016 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem samþykkt var í borgarráði 23. júní 2016.

Breytingin felur í sér skilgreiningu á nýjum kirkjugarði á opnu svæði undir Úlfarsfelli. Fallið er frá kirkjugarði í Geldinganesi. Í umfjöllun um efnislosun er bætt við E10 Úlfarsfell fyrir tímabundna losun ómengaðs jarðvegs. Háspennulínu sem liggur um svæðið, KO 1 Korpulína, er hliðrað út fyrir svæðið og línán færð í jörð.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 17. ágúst 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. ágúst 2016